



Hafnarfjörður

Fjölskylduráð Hafnarfjarðar
b.t. Árna Rúnars Þorvaldssonar
Strandgata 8-10

Hafnarfjörður 11. september 2026
Málsnúmer 2501358

Efni: Húsnæðisáætlun fyrir fatlað fólk í Hafnarfirði til 2038

Á fundi fjölskylduráðs þann 28. apríl sl. var húsnæðisáætlun Hafnarfjarðar fyrir fatlað fólk 2026 til 2038 lögð fram til afgreiðslu. Eftirfarandi bókun var gerð:

„Fjölskylduráð samþykkir framlagða húsnæðisáætlun og vísar henni til frekari staðfestingar í bæjarstjórn“

Bæjarstjórn samþykkti framlagða húsnæðisáætlun fyrir fatlað fólk á fundi sínum þann 6. maí sl.

Á næsta ári verður tekin í notkun sex íbúða kjarni við Smyrlahraun 41. Þá þarf að hefja undirbúning á byggingu íbúðarkjarna við Öldugötu 47 sem áætlaður er að verði tekin í notkun á árinu 2029. Í þeim kjarna er gert ráð fyrir íbúum með umfangsmiklar og flóknar þjónustuparfir og þarf að huga sérstaklega að því við hönnun kjarnans. Einnig þarf að huga að fjölgun félagslegra íbúða fyrir fatlað fólk.

Virðingarfyllt,

Guðlaug Ósk Gísladóttir,
sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar

Fylgiskjöl:

1. Húsnæðisáætlun Hafnarfjarðar fyrir fatlað fólk 2026-2038
2. Kynning frá 14. apríl 2026 - Húsnæðisáætlun í málefnum fatlaðs fólks